

## Minnispunktur

### Almannavarnanefnd og sóttvarnalæknar á Vesturlandi

Fundartími: 2. mars 2020 kl. 12:00.

Fundarstaður: Skype

Lögreglustjórinn á Vesturlandi boðaði til fundarins 28. febrúar 2020.

Mætt eru:

Af hálfu lögreglustjórans á Vesturlandi:	Úlfar Lúðvíksson lögreglustjóri Jón Haukur Hauksson staðgengill lögreglustjóra Jón S. Ólason yfirlögregluþjónn Ásmundur Kr. Ásmundsson aðstoðaryfirlögregluþjónn Emil Sigurðsson starfsmaður almannavarna
Af hálfu Akraneskaupstaðar:	
Af hálfu Borgarbyggðar:	
Af hálfu Dalabyggðar:	Kristján Sturluson sveitarstjóri
Af hálfu Eyja- og Miklaholtshrepps:	Eggert Kjartansson oddviti
Af hálfu Grundarfjarðarbæjar:	Björg Ágústsdóttir bæjarstjóri
Af hálfu Helgafellssveitar:	
Af hálfu Hvalfjarðarsveitar:	Linda Björk Pálsdóttir sveitarstjóri
Af hálfu Skorradalshrepps:	
Af hálfu Snæfellsbæjar:	Kristinn Jónasson bæjarstjóri
Af hálfu Stykkishólmsbæjar:	Jakob Björgvin Jakobsson bæjarstjóri
Af hálfu HVE:	Pórir Bergmundsson umdæmissóttvarnalækir Linda Kristjánsdóttir svæðislæknir sóttvarna Pórður Ingólfsson svæðislæknir sóttvarna
Af hálfu Slökkviliðs Akraness og Hvalfjarðarsveitar:	
Af hálfu Slökkviliðs Borgarbyggðar:	Bjarni Þorsteinsson slökkviliðsstjóri
Af hálfu Slökkviliðs Dalabyggðar:	
Af hálfu Slökkviliðs Grundarfjarðarbæjar:	
Af hálfu Slökkviliðs Snæfellsbæjar:	
Af hálfu Brunavarna Stykkishólms og nágrennis	
Af hálfu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi:	ekki boðað

Úlfar setti fund og bað Þóri að fara yfir nýjustu stöðu vegna CoVid19 faraldurs.

Þórir greindi frá því helsta sem hefur gerst undanfarna daga. Þórir nefndi m.a. að loka mætti dvalaheimilum eða takmarka heimsóknir þangað af því að vistmenn þar eru almennt veikir fyrir.

Gæti komið til þess fljótlega að gefin verði út fyrirmæli um að heimsóknir eigi að takmarka á hjúkrunarheimilum/dvalarheimilum á svæðinu.

Linda Kristjánsdóttir fór yfir að tveir einstaklingar séu núna í sóttkví á heimili sínu í Borgarnesi. Komu frá Verona 29. febrúar sl.

Jakob nefndi að sýni hafi verið tekin frá fólki sem býr í Stykkishólmi en ekkert smit kom fram.

Kristinn nefndi að sýni voru tekin 27. feb. sl. frá fólki sem býr í Snæfellsbæ en ekkert hefur frést af niðurstöðum ennþá. Eru í sóttkví heima. Kristinn spurði hver ætti að tilkynna niðurstöður. Þórir svaraði að sá læknir sem tekur sýni beri ábyrgð á að kynna niðurstöðu.

Linda Kr. taldi rétt að huga að lokun dvalarheimila eða takmörkun á heimsóknun þangað ef/þegar staðfest tilfelli kemur fram. Hún taldi rétt að þeim skilaboðum yrði beint til þeirra sem eru með undirliggjandi langvinna sjúkdóma að þeir verji sjálfa sig eins og mögulegt er.

Þórir segir að nota eigi gamla RKÍ húsið við Rauðarárstíg fyrir útlendinga sem þurfa að fara í sóttkví en þar eru 70 pláss. Fyrsti valkostur. Ekki dreifa fólki of mikið.

Úlfar bar upp að virkja aðgerðastjórn sem í væru fulltrúar frá lögreglu, Rauða krossi og HVE. Fundarmenn tóku vel í það. Úlfar kynnir það í framhaldinu.

Úlfar bar upp að koma á samráði í heimabyggð (vettvangsstjórn) sem væri skipuð fulltrúum frá lögreglu, sveitarstjóra og HVE. Linda Kristjánsd. taldi ekki þörf á þessu fyrr en staðfest væri tilfelli. Hún taldi rétt að þessir aðilar myndi tengslahóp sem eigi reglulega í samskiptum ásamt aðila frá RKÍ.

Úlfar stakk upp á að næsti fundur þessa hóps yrði ekki tímasettur, en yrði boðaður strax og nýjar upplýsingar kæmu fram. Vel tekið í það.

Fundi slitið kl. 12:30